

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi stóriðnaðarsvæðis að Grundartanga, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins með undirritun þann 18. desember 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi stóriðnaðarsvæðis að Grundartanga frá 16. júní 1975, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæðið stækkar til norðausturs inn í Hvalfjarðarstrandarhrepp, vegstæði breytist og háspennulagnasvæði hefur verið skilgreint.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 5. júní 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 370

12. júní 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Ríkisútvarpið nr. 357/1986, sbr. reglugerð nr. 478/1986.

1. gr.

7. mgr. 18. gr. orðist svo:

Veita skal þeim, sem eru fullra 67 ára eða fá greiddan örorkulífeyri skv. lögum um almannatryggingar 20% afslátt af útvarpsgjaldi. Almenn undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds til handa þeim sem fá frekari uppbætur á lífeyri skv. 8. gr. reglugerðar nr. 59/1996, sbr. reglugerð nr. 231/1997, skal falla niður. Þeir einstaklingar sem njóta undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds 1. júní 1997, en uppfylla ekki skilyrði til að fá hækkun á heimilisuppbót þann dag, skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 302/1997, skulu áfram undanþegnir greiðslu útvarpsgjalds. Undanþágan skal þó falla niður ef þeir öðlast síðar rétt til greiðslu heimilisuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 12. júní 1997.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.